

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, lóð fyrir fjarskiptamastur í landi Snæfoksstaða.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun 600 m² lóðar úr landi Snæfoksstaða, á klapparsvæði austan við Stangargil. Reisa á 25 m hátt fjarskiptamastur ásamt 7,5 m² fjarskiptahúsi, 2,5 m háu. Samþykkt í sveitarstjórn 18. apríl 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. júní 2017.
Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,
Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. júní 2017